



Garðar á Laxárdalsheiði (Hamarsheiði), vegir tveir og garður í Reykjadal

Skýrsla um snið í garða og mælingar á vegum 2020



Bjarni F. Einarsson
2020

Forsíðumyndin sýnir svæðið í kringum garð 15 þar sem uppgröftur er að hefjast. Skógarþykknið í bakgrunni er í vesturhlíðum Laxárdals og gilið er Bæjargil sem er skammt SAS af eyðibýlinu Hamri. (Stafrænar myndir nr. 2. Horft mót SV. Ljósm. BFE).

FÖRNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Landsnet.

© Bjarni F. Einarsson
Desember 2020.



Mynd 1. Yfirlit yfir garð 18. Gilið er Bæjargilið sem liggur niður í Laxárdal. Rannsókn er að hefjast við garð 18. (Stafr. myndir nr. 8. Horft mót VNV. Ljósm. BFE).

Inngangur

Að beiðni Landsnets og að kröfu Minjastofnunar Íslands tók undirritaður að sér að grafa þversnið í tvo garða á Laxárdalsheiði, mæla inn tvo vegi á Hólasandi og grafa þversnið í garð í Reykjadal sem mótvægisaðgerð við Hólasandlínu 3A (fornleifar nr. 15:1, 18:1, 20:1, 21:1 og 22:1).

Aðstoðarmenn við rannsóknirnar voru Jakob Orri Jónsson og Kevin Martin, doktorsnemar í fornleifafræði. Rannsóknin fór fram dagana 24. – 28. ágúst síðastliðinn. Veður var með ágætum, en mývargurinn illskeyttur.

Gjóskusýni voru greind af próf. Þorvaldi Þórðarsyni í Háskóla Íslands. Fulltrúi verkkaupa var Friðrika Marteinsdóttir hjá Landsneti.

Markmið rannsóknarinnar

Markmið rannsókna var að kanna gerð garðanna og mögulegan aldur þeirra og hlutverk. Einnig var þess farið á leit að götur tvær, nr. 20 og 22, yrðu mældar inn með Trimble tæki.

Staðhættir

Tveir garðanna, nr. 15 og 18, eru á Hamarsheiði austan við Laxárdalinn. Er rannsóknarsvæðið lítið eitt SAS af eyðibýlinu Hamri niðri í Laxárdalnum. Á þessu svæði er heiðin vel gróin grasi, krækiberja- og

bláberjalyngi, fjalldrapa og víði. Hér og hvar voru bleytur og uppþornaður árfarvegur í gili liggur niður hlíðina rétt norður af garði nr. 18. Heitir gilið Bæjargil.

Garður nr. 21 er í Reykjadal ofanverðum, fáeina metra austan við þjóðveg 1, norðan við býlið Máskot. Svæðið er vel gróið grasi, lyngi og fjalldrapa. Í nærumhverfinu eru rofabörð og lítil blásin svæði.

Götur tvær, nr. 20 og 22, eru á örfoka Hólasandinum og áhöld eru um að þetta séu í raun þær götur sem ábendingar hafa komið um að þarna sé að finna. Þeim eru gerð skil í fornleifaskrá. Eins er tveimur vörðum, sem fundust á meðan á rannsókn stóð gerð skil í fornleifaskrá (nr. 24 og 25).

Garður nr. 15:1

Garðinum er lýst svo í fornleifaskrá 13.5.2018:

Garður.

Úr torfi, 4 - 5 m breiður og 0,3 - 0,5 m hár.

Garðurinn er vel sýnilegur á stórum köflum, en ógreinilegur þar sem hin fyrirhugaða lína á að fara yfir.

Hann er vel gróinn lyngi, grasi og mosa.

Gata (nr. 17) liggur í gegnum garðinn. Hægt er að sjá mest allan garðinn á loftmynd þar sem hann liggur upp úr Laxárdalnum skammt norður af Hömrum og upp á heiðina.

Þar beygir hann til suðurs og liggur samsíða dalnum. Ekki er ljóst hversu langt til suðurs hann liggur.

GPS var mælt syðst á syðri hluta garðsins.



Mynd 2. Horft yfir garð 15 þegar hann var skráður. (Mót N. Ljósm. BFE).

Garður nr. 18:1

Garðinum er lýst svo í fornleifaskrá 27.9.2018:

Garður.

Úr torfi, 2 - 3 m breiður og 0,2 - 0,3 m hár. Býsna beinn.

Við NV enda er lækur og við SA endann virðist stunginn kannstur taka við garðinum inn í gil (kannsturinn var ekki mældur).

Garðurinn er vel gróinn lyngi, grasi og mosa.

Hugsanlega er þetta varnargarður til að hemja eða stjórna læknum sem þarna er.



Mynd 3. Horft eftir garði 18 þegar hann var skráður. Sjá má efri hluta Bæjargilst í bakgrunni. (Mót ASA. Ljósm. BFE).

Garður nr. 21:1

Garðinum er lýst svo í fornleifaskrá 28.8.2020:

Garður.

Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn benti á þennan garð. Í lýsingu þeirra segir:

„Forngarður liggur samsíða þjóðvegi 1 þar sem hann liggur úr Reykjadal upp á Mývatnsheiði“

GPS var mælt á loftmynd þar sem greina mátti garð þennan undir fyrirhugaðri Hólasandslínu 3.


Við vettvagnsskoðun kom í ljós: Garður, úr torfi, 1,5 - 4 m breiður og 0,2 - 0,4 m hár. Þar sem hann var skoðaður virtist hann vera tvöfaldur á kafla og þar var breiddin allt að fjórir metrar. Þversíð í garðinn staðfesti það.



Mynd 4. Horft eftir garði 21 þegar hann var skráður. (Stafr. Myndir nr. 24. Mót N. Ljósm. BFE)

Garðar, sögubrot

Lengi hafa bændur í S-Þingeyjarsýslu haft vitneskju um forna garða á heiðum uppi í sýslunni án þess að gera sér grein fyrir umfangi þeirra, þó



Mynd 5. Drónamynd af svæðinu í kring um garða 15 og 18. Einnig er sýnt á myndinni gömul gata nr. 17 sem legið hefur úr Laxárdal austur á Hólasand með stefnu á Mývatn. Örvaroddurinn er settur við jaðar viðkomandi fornleifa og X sýnir áður óþekktar minjar sem ekki sáust við vettvagnsrannsókn þegar minjarnar voru skráðar. Er X-ið staðsett í miðju einhvers sem líkist gerði. Meintar minjar eru ekki í neinni hættu. (Starfr. myndir nr. 3. N vísar upp. Ljós. BFE).

Þeir hafi verið meðvitaðir um að það var ekki lítið. Dæmi um slíka vitneskju er lýsing Jóns Ingjaldssonar prests í Nesi í Aðaldal sem lýsir miklum gördum á Fljótsheiði og víðar í nágrenninu (Sýslu- og sóknarlýsingar 1994:183). Kristian Kålund kallar garða í Reykdæla héraði „stórkostlegar minjar.“ í verki sínu, sem út kom árin 1877–1882 (Kålund 1986:124). Fleiri fræðimenn fjölluðu í kjölfarið um garða og garðakerfi og gerðu sér grein fyrir því að um mikil mannvirki var að ræða, þó fáir þeirra hafi gert sér grein fyrir því hversu gríðarlega umfangsmikil þessi garðakerfi voru í raun, þó fáeinir hafi vissulega gert það. (Sjá yfirlit yfir þessa fræðimenn í Árna Einarssyni 2019:40–48).

Í lok 20. aldar fóru fræðimenn að kortleggja þessa garða og í dag hafa um 700 km verið kortlagðir í Þingeyjarsýslum sem gerir þá að mestu mannvirkjum Íslandssögunnar áður en vélaöld hófst (Árni Einarsson 2019:8).

Garðar hafa verið hlaðnir hér á landi frá upphafi landnáms. Gerð þeirra hefur verið með ýmsum hætti en allir eru gerðir úr torfi, grjóti eða hvorutveggja, jafnvel mold. Elstu túngarðar á Íslandi eru yfirleitt úr torfi einu saman og líklega eiga ákvæði Grágásar og Jónsbókar við slíka garða. Þegar kemur fram á miðaldir taka grjótgarðar að birtast, en líklega hafa þeir ekki náð verulegum vinsældum fyrr en á seinni öldum. Elstu torfgarðar sem rannsakaðir hafa verið hér á landi eru garður í Aðalstræti 10–12 (Nordahl 1988) og garður í Húshólma í Ögmundarhrauni á Reykjanesi (Haukur Jóhannesson o.fl. 1988). Elsti grjótgarður sem

rannsakaður hefur verið er líklega Fornigarður í Selvogi (Bjarni F. Einarsson 2006). Hann er hvorki túngarður, engjagarður né afréttagarður, heldur sennilega sandvarnargarður utan um byggðina í Selvogi. Fornigarður var hlaðinn einhvern tímunn á tímabilinu 1104 - 1220–26 e.Kr. (Bjarni F. Einarsson 2006:226).

Svipaður garður og Fornigarður mun vera svokallaður Skagagarður á Garðskaga sem að mati Kristjáns Eldjárns var „ævafor“ (Kristján Eldjárn 1977:117). Eitthvað var af jarðvegi í garðinum að sögn Kristjáns.

Þó viðlíka garðakerfi eins og í S-Þingeyjarsýslu þekkist ekki annarsstaðar á Íslandi eru líkur til þess að þau hafi verið víðar á landinu. Í Landbroti er hinn mikli Bjarnagarður sem er um 8 km langur með mörgum görðum samhlíða og þvert á. (Sigurður Þórarinnsson 1982). Í Flóa eru talsverðir garðar skráðir og umfang þeirra mikið. Enn er þó ekki búið að fullskrá þá. (Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2020).

Sumir garðar gátu þjónað fleiru en einu hlutverki og aðrir þóttu svo merkilegir að þeir fengu nöfn eins og Ranglátur í Vatnsleysu gæti verið dæmi um (Bjarni F. Einarsson 2006).

Mörg heiti eru notuð í heimildum yfir þessa garða svo sem túngarður, beitargarður, matjurtagarður, afréttargarður, hagagarður, engjagarður og heygarður. Einnig eru til heitin fiskigarður, síldargarður, silunga- og laxagarður, sjóvarnargarður, skriðugarður, sandvarnargarður, landamerkjagarður, göngugarður, kirkjugarður og kálgarður. Oftast segja þessi heiti til hverra nota garðarnir voru. Garðar voru stundum notaðir til að þvera nes eins og Skagagarður á Skaga við Sandgerði (Kristján Eldjárn 1977) og Þvergarður á Seltjarnarnesi (Jóhann Helgason 1995). Garða er ekki bara að finna á þurru landi, þá má bæði finna í sjó og vötnum eins og silungagarður í Reyðarvatnsósi í Reyðarvatni í Borgarfirði austur af Skorradal (Helgi Þorláksson 1989) og tveir laxveiðigarðar (Kvíargarður og Króargarður) við ósa Grafarlækjar í Grafarvogi í Reykjavík (Örnefnaskrá. Grafarholt) og síldarveiðigarður utar í voginum (Örnefnaskrá. Keldur).

Hugmyndafræðin á bak við garða er sú að beisla landið, stýra umferð skepna og manna, afmarka svæði sem tilheyrði sumum og jafvel vernda svæði frá ágangi og nýtingu ef hún var ekki til að auka nýtingagildið. Hún gat einnig verið huglæg eins og að afmarka heima svo sem kirjugarðar eru dæmi um. Sum landamerki voru af þessum toga þegar sagt er að landamerki séu á milli tveggja kennileita þó engin sjáist mörkin.

Garður nr. 15 á Hamarsheiði liggur uppi á heiðinni með Laxárdalnum. Hægt er að greina á loftmyndum að hann skiptir sér austan við Hamar þar sem hann beygir niður til vesturs, en heldur einnig áfram til norðurs. Sömu sögu er að segja um garðinn þar sem hann liggur uppi á heiðinni til suðurs. Sunnan við Hólakot virðist hann einnig beygja til vesturs niður í dalinn auk þess sem hann heldur áfram í átt að Hofstöðum efsta býli dalsins. Á korti má sjá að enn annar garður liggur til vesturs frá aðalgarðinum, nokkuð norðan við Hólkot (Árni Einarsson 2019:159). Af þessu má draga þá ályktun að garðurinn kunni að vera landamerki annarsvegar og mörk afréttar hins vegar. Sá hluti garðsins sem liggur niður í dalinn eru landamerki, en sá sem liggur norður–suður uppi á heiðinni afmarki heimaland frá afrétt. Þessir garðar gátu einnig hafa

þjónað sem samgöngumannvirki yfir heiðar þegar snjóalög hömluðu annars för, en það mun hafa verið mun síðar eftir að fyrra hlutverki þeirra var lokið (Árni Einarsson 2019:21).

Eyðibýlið Hamar, sem fór í eyði um miðja 20. öldina, liggur nyrst í þessu landi og Hólkot syðst. Á milli þessara bæja er enn eitt eyðibýlið, Hrappstaðir (einnig kallað Hrafnstaðir), en það er rétt norður af garðinum sem liggur niður dalinn rétt norðan við Hólkot samkvæmt minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.

Mörk Hamars eru í dag að sunnan við Hólakotsgil og í „*gamlan garð*“ í Sandvatn. Austurmörkin eru úr Hamarskíl í Sandvatni-norður austan við Hellnagil þar sem mörkin liggja til vesturs. Mörkin eru sem sagt vel austur fyrir garð 15.

Hólkot er sagt að hafi farið í eyði í Stórubólu (1707–1709) og árið 1712 sást til tóftabrota á Hrappstöðum, „*og atla sumir að þar hafi byggð verið, er og nafnið til þess ærið líklegt.*“ (Jarðabók 1943:208). Hólkot er í byggð 1686/96 og er þá 10 hundraða jörð (Björn Lárusson 1967:298). Hamar voru metnir á 16 hundruð sama ár.

Heimildir eru um að tvö kot hafi einnig verið í landinu og hétu þau Hamarskot (einnig Hamarsgerði) sem var rétt suður af Hamri og Hvítakot nokkru sunnar og austar (Örnefnaskrá. Hamar. Jarðabók 1943:209). Ekki er fullvíst að á þessum stöðum hafi verið búið.

Elsta heimildin um Hamar í Laxárdal er frá árinu 1464, en þá selur Þorsteinn Brandsson Guðmundi Magnússyni jörðina Skarð í Fnjóskadal og lætur í staðinn Hamar og Hóla í Laxárdal auk jarðanna Litlu–Tungu í Bárðadal og Þernusker (einnig kallað Sker) í Höfðahverfi (Ísl. fornbréfasafn V, 1899:418).

Árið 1686/1696 var Hamar metin á 16 hundruð eins og áður greinir, en fáum árum síðar er matið komið niður í 12 hundruð og þannig var það einnig árið 1847 (Jarðabók Johnsens 1847:326). Skýringin á minna mati jarðarinnar gæti verið að Hamarskot (eða Hvítakot) hafi verið byggð úr landi Hamars og orðið sjálfstæð jörð. Stærð hjáleigna var gjarnan fjögur hundruð.

Af þessu má stilla þeirri tilgátu upp að upphaflega hafi Hamar og Hólkot verið ein jörð undir heitinu Hrappstaðir, og henni svo skipt upp í tvær jarðir. Sú skipting gæti hafa átt sér stað snemma, eða á þeim tíma þegar garðar voru enn hlaðnir.

Rannsóknin

Hér verður aðeins fjallað um uppgreftina á Hamarsheiði og Reykjadal, en vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá varðandi skráningu á götunum tveim, nr. 20 og 22.

Prh. 1 í garð nr. 15

Ákveðið var að grafa í gegnum garðinn þar sem slóði var fyrirhugaður yfir hann. Fyrst var handgrafinn 1 x 4 m langur könnunarskurður þvert á

garðinn og þegar sniðið var skoðað var ljóst að halda þurfti áfram til austurs og var vélgrafa fengin til að grafa 6,3 m til viðbótar. Hin vélgrafni hluti var um 1,2 m breiður. Heildarlengd skurðarins var því 10,3 m. Dýpt hans að vestanverðu var 0,6 m og í austurendanun var dýptin 0,46 m. Mesta dýpt skurðarins var yfir sjálfum garðinum eða 0,78 m.

Ljóst var að pæla¹ var aðeins austan megin við garðinn og allt að 6,90 m á breidd. Var austurhlið hennar við barð sem skurðurinn náði að, en ekki inn í. Á teikningunni er barðið fast upp við efri endann (þann eystri).


Breidd garðsins hefur upphaflega verið í mesta lagi 2,38 m (eins og á teikningu), en minnst 1,3–1,4 m sem er líklegra.

Hæðin nú var mest 0,2 m sem segir ekkert um upphaflega hæð. Með því að taka allt efni í garðinn að austanverðu hefur fengist meiri hæð á garðinn þeim megin. Það bendir til þess að skepnum hafi verið haldið frá svæðinu vestan við garðinn en að skepnum hafi verið haldið frá svæðinu að austan. Með öðrum orðum, skepnum var haldið í afrétt.

Ef við göngum út frá því að efnið í garðinum hafi aðeins verið sótt í pæluna að austanverðu og að grafið hafi verið niður um 25 sm þá hefur pælan gefið 1,73 rúmmetra af efni á eins m breiðum kafla. Ef garðurinn hefur verið 1,35 m breiður gæti hann hafa verið 1,28 m hár í upphafi að þessum forsendum gefnum. Við þessa hæð bætist svo að austanverðu dýpt pælnnar. Samkvæmt Grágás og Jónsbók áttu svokallaðir löggarðar að vera 1,25 – 1,5 m á þykkt neðst og 0,75 – 0,90 efst. Hæð þeirra skildi taka meðalmanni í öxl eða u.þ.b. 1,5 – 1,6 m (Grágás 1992:312. Jónsbók 2004:178).

Rétt undir grasrótinni var svart gjóskulag sem grunur lék strax á að kynni að vera V-1477 gjóskan. Lá lagið þannig yfir garðinum að gjóskulagið var „talsvert“ yngra en garðurinn. Garðurinn lá beint ofan á gulhvítu gjóskulagi sem talið var vera H3 sem er um 3500 ára gamalt. Þar undir voru fleiri gjóskulög sem eru mun eldri. Í sjálfum garðinum voru tvö gjóskulög, annað svart og hitt gulhvítt. Gulhvíta lagið er nær örugglega H3 gjóskan.

Garðurinn er hlaðinn í streng, líklega þverstreng þvert á garðinn eða hugsanlega bæði þvert og langsum. Sjá má tvær - þrjár raðir af streng í garðinum.



Mynd 7. Þvernið í garð nr. 15. Rauðir punktar með tölum sýna sýna-tökustaði og númer sýna.

¹ Pæla er niðurgroftur öðru- eða báðum megin við garða þar sem efni í garðinn var stungið.

Fimm gjóskusýni voru tekin í sniðinu og tvö send áfram í greiningu, en það voru sýni úr hinu meinta V-1477 (sýni 1) og úr svarta gjóskulaginu í veggnum (sýni 2). Sýni 1 er nær örugglega V-1477 og sýni tvö reyndist vera forsöguleg gjóska úr Kverkfjöllum, um 1400 ára gamalt.

Prh. 2 í garð nr. 18


Könnunarskurðurinn lá þversum á garð 15, eða því sem næst. Ekki var þó hægt að greina að garður 15 lægi að garði 18, en nærri fóru þeir þó saman. Grafið var í garðinn þar sem slóði var lagður í gegnum hann. Garðurinn var allur handgraffinn.

Þverskurðurinn sem grafinn var þvert á garðinn var 2,8 m langur og 1 m breiður. Dýpt skurðarinnar var 0,64 m að vestanverðu og 0,6 m að austan. Mesta dýpt hans var 0,85 m yfir garðinum.

Ekki var hægt að greina pælu við garðinn svo að öruggt væri og hið meinta V-1477 var hvergi að sjá undir grasrótinni eins og í garði 15. Neðst í skurðinum að vestan var gulhvítt gjóskulag sem trúlega er H3 lagið. Náði það að garðinum (rofið!), en var ekki í tengslum við hann, heldur var lag á milli sem sýnir að þetta rof á gjóskulaginu var mun eldra en garðurinn. Austan við garðinn var þykkt áfokslag (lag nr. 2) og undir því lög með svartri gjósku



Mynd 8. Ljósmynd af hluta sniðs í Prh. 1 í garð 15. Garðveggurinn er fyrir miðri mynd ofan á gulhvíta laginu, sem er nær örugglega forslögulegt Hekulag (H3, ekki greint). Sjá má grilla í strenginn í garðinum með lagi sem túlkað var sem Landnámslagið og neðst er hann með gul-hvíta laginu. (Stafr. myndir nr. 18. Horft mót N. Ljós. BFE).



Mynd 9. Þversnið í garð 18. Rauðir punktar og tölur sýna sýnatökustaði og númer sýna. Sýni 1 er nr. 6 í sýnaskrá. Sýni 2 er nr. 7 í sýnaskrá. Sýni 3 er nr. 8 í sýnaskrá og sýni 4 er nr. 9 í sýnaskrá.



Mynd 10. Ljósmynd af hluta sniðs í Prh. 2 í garð 18. Veggurinn teiknar sig mjög greinilega í sniðinu og sama þrílita gjóskulagið kemur a.m.k. fimm sinnum fyrir í garðinum og sýnir að um streng er að ræða. Gjóskulagið var túlkað sem Landnámslagið, en reyndist ekki vara það við greiningu. (Stafr. myndir nr. 13. Horft mót NV. Ljósm. BFE).



Mynd 11. Panórama mynd af Prh. 2 tekin með iPhone 11Pro. Myndin bjagast í meðförum símans, en sýnir þó afstöðu jarðlaga vel og að það er strengur í garðinum með gjósku sem túlkað var sem Landnámslagið, en var það ekki skv. Greiningu. (Stafr. myndir nr. 32. Horft mót NV. Ljósm. BFE).

(lög nr. 3, 5 og 6). Þessi tvö síðast töldu lög voru keimlík gjóskulögnum í garðinum og ef um sömu lög var að ræða, sem greiningin sýndi að var, sýnir það að þarna var engin þæla, en hafi verið þæla var hún vestan við garðinn, en þar sáust umrædd lög ekki sem bendir eindregið til þess að þar hafi verið þæla.

Greinilegt er að torfið í garðinum er svokallaður þverstrengur, en það er torf sem skorið er í ræmur sem lagðar eru þvert á stefnu garðsins. Sjá má á mynd 10 að t.d. neðsti strengurinn hefur náð alla leið þvert á garðinn, en næsti strengur ofan á eru í raun tvær ræmur. Hugsanlega hafa einhverjir strengir verið lagðir langsum til að binda vegginn betur. Einnig sést að efsta gjóskulagið í strengunum er gult og lögin þar fyrir neðan eru dökk. Gula lagið er örugglega H3 lagið sem er um 3500 ára gamalt og lögin undir mun yngri (sýni 6 um 1350–1400 ára) sem sýnir að strengnum hefur verið hvolft þegar hann var lagður. Sjá má fimm - sex raðir af streng í garðinum.

Breidd garðsins hefur verið 1,23 m og hæð hans nú er 0,47 m. Hann er því hærri en garður 15 og hvort það bendi til þess að hann sé yngri eða ekki verður ekkert um sagt. Í fyrsta lagi er hann í meira skjóli en garður 15 og jarðvegur rakari sem getur haft áhrif á rótarkerfi og viðnám jarðefna gegn veðrun.


Í fornleifaskrá segir að norðan (norðvestan) við garðinn hafi verið lækur sem rann niður gilið og niður í Laxárdal. Þessa lækjar varð ekki vart nú. En lega garðsins miðað við gilið fyrir ofan og neðan garðinn styður að svo hafi verið. Þarna hefur lækur runnið niður Bæjargilið og niður í dalinn. Einnig styður fjarvera hins meinta V-1477 gjóskulags þetta, því hefur hreinlega skolast í burtu þegar leysingavatn hefur runnið eftir gilinu og niður hlíðina. Hins vegar vantar umrætt gjóskulag einnig sunnan við garðinn og það gæti þýtt að leysingavatn hafi runnið báðum megin við garðinn þegar mest var og þegar vatninu hefur hugsanlega verið veitt á svæðið.

Í garðinum voru nokkur gjóskulög og þar á meðal þrítítt lag sem túlkað var á vettvangi sem Landnámslagið (871±2 e.Kr.) eða Landnámssyrpan.

Tekin voru fjögur gjóskusýni og tvö send áfram í greiningu. Voru þetta sýni nr. 6 (nr. 1 á mynd 9) sem tekið var úr dökku gjóskulaga neðarlega í garðinum, lag sem túlkað var á vettvangi sem Landnámslagið, og sýni nr. 7 (nr. 2 á mynd 9) sem tekið var úr svörtu gjóskulag undir veggnum. Við greiningu reyndust bæði sýnin vera frá Veiðivatnakerfunum, um 1350–1400 ára gömul.

Prh. 3 í garð nr. 21

Handgrafinn var 5,8 m langur og 1,0 m breiður könnunarskurður þvert á garðinn eða garðana því í ljós kom að annar garður var austan við þann fyrstnefnda. Grafið var þar sem talið var að mestra upplýsinga um garðinn yrði aflað.



Mynd 12. Þversnið í garð 21. Rauðir punktar sýna sýnatökustaði og sýnanúmer. Sýni 1 er nr. 10 í sýnaskrá. Sýni 2 er nr. 11 í sýnaskrá og sýni 3 er nr. 12 í sýnaskrá.

Dýpt skurðarins var 0,56 m að vestan og 0,52 að austan. Mesta dýpt hans var 0,95 rétt vestur af vestari garðinum.

Ekki var hægt að staðfesta að pæla hafi verið við garðinn/garðana, en ýmislegt benti þó til þess að svo hafi verið austan við vestari garðinn og hugsanlega á milli garðana. Nokkuð áberandi kanntur var um 8–10 m frá eystri garðinum sem minnir á kanntinn austan við garð nr. 15. Þennan kannt mátti sjá við brekkurótina svo langt sem hún náði á svæðinu. Ekki var grafið að þessum kannti.

Vestari garðveggurinn er nú 2,04 m breiður og 0,18 m hár. Eystri garðurinn var 0,86 m breiður og 0,1 m hár. Á milli garðanna, í áfokslagi, var torfflyksa sem líklega hefur hrunið úr vestari garðinum.

Eystri garðurinn er trúlega eldri garður sem hefur af einhverjum ástæðum verið endurgerður rétt hjá. Hann virðist mun eyddari sem bendir til hærri aldurs. Ef rétt er að pæla hafi aðeins verið austan við vestari garðinn bendir það til þess að hann hafi þjónað sama hlutverki og garður 15, sem var að halda fé frá heimalandi og í afrétt. Þess ber þó að geta að gjóskan í torfinu sem garðurinn var hlaðin úr sást hvorki vestan né sunnanmegin við garðinn og bendir það til þess að pæla hafi þrátt fyrir allt verið sín hvoru megin við garðinn.

Vestari garðurinn er hlaðinn í streng, svokölluðum þverstreng þvert á garðinn. Hugsanlega hafa sumir strengirnir legið langsum. Neðsti strengurinn liggur þvert um garðinn allan, en aðrir strengir eru of óljósir til að greina hvort heldur var hvað þetta varðar þó vísbendingar séu um að þeir hafi ekki náð þvert yfir. Sjá má þrjár - fjórar raðir af streng. Líklega var eystri garðurinn hlaðinn á sama hátt og sá eystri og þar mátti grilla í tvö lög af þverstreng.

Rétt undir grasrótinni var svart gjóskulag (lag 2) sem túlkað var á vettvangi sem V-1477. Fannst lagið vel yfir báðum gördunum og er því „talsvert“ yngra en þeir báðir. Lagið var snarlíkt V-1477 laginu í garði 15 á Hamarsheiði. Undir báðum lá gulhvíta gjóskulagið (H3?) samfelld.

Í garðinum var eitt þrílitt gjóskulag sem túlkað var á vettvangi sem Landnámslagið (871±2 e.Kr) eða syrpan.



Mynd 13. Ljósmynd af hluta sniðsins í garð 21. Gul-hvíta lagið er líklega H3 og garðurinn liggur aðeins ofar en það. Svörtu rendurnar í garðinum sýna að um streng er að ræða og fyrst talið hugsanlegt að um Landnámslagið hafi verið að ræða. (Stafr. myndir nr. 29. Ljós. BFE).



Mynd 14. Eystri og líklega eldri garðurinn í Reykjadal. Sjá má grilla í strengi með gjóskulagi sem túlkað var á vettvangi sem Landnámslagið (Stafr. Myndir nr. 31. Horft mót N. Ljós. BFE).

Tekin voru þrjú gjóskusýni og tvö þeirra send í greiningu. Voru það sýni sem tekið var úr svörtu lagi í vestari (yngri) garðinum (sýni 11, nr. 2 á mynd 12) og sýni úr svörtu lagi í eystri (eldri) garðinum (sýni 12, nr. 3 á mynd 12). Bæði sýnin voru forsöguleg, annarsvegar úr Kverkfjallakerfinu um 1400 ára gamalt og hins vegar úr Veiðivatnakerfunum, um 1350–1400 ára gamalt.

Greiningarnar

Af 12 gjóskusýnum sem tekin voru við rannsóknirnar voru sex efnagreind af próf. Þorvaldi Þórðarsyni eldfjallafræðingi í örgreini Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands. Öll sýnin, nema sýni 1 reyndust vera forsöguleg gjóskulög, um 1350–1400 ára gömul. Sýni 1 reyndist vera úr Veiðivötnum frá 1477. Lag þetta er mjög áberandi á NA-landi og stundum kallað “a” lagið.

Það kemur á óvart að lögin í sjálfum görðunum skuli öll vera forsöguleg sem sýnir að jarðvegsmyndun á svæðinu hefur verið afar lítil framan af, allavega í byrjun landnáms. Ekki var hægt að sjá Hekluögin frá 1104, 1158 og 1300 sem komið hafa við sögu fyrri rannsókna á görðunum (Árni Einarsson 2019:64).

Umræða og niðurstaða

Nokkur fjöldi fornleifarannsókna hafa verið gerðar á görðum í S-Þingeyjarsýslum (Eysteinn Tryggvason 1992. Bjarni F. Einarsson 2008 og 2020. Árni Einarsson 2019:66). Í nær öllum tilfellum voru garðarnir taldir mun eldri en V-1477 þar sem gjóskulag frá því ári lá yfir þeim nær öllum. Við suma voru pælar báðum megin, við aðra var pæla aðeins öðru megin og í enn öðrum tilfellum var engin pæla. Ef marka má teikningar og ljósmyndir eru garðarnir nær undantekningalaust byggðir úr streng. Í einu tilfelli var mór/reiðingur notaður í garð, en það hefur líklega verið vegna þess að þar fór garðurinn yfir mýri og í mýrinni var mórinn (Bjarni F. Einarsson 2008).

Lítill vafi er á því að fleiri garðar munu finnast í framtíðinni, bæði í S-Þingeyjarsýslu og annarsstaðar á landinu.

Tveir garðanna sem rannsakaðir voru á Hamarsheiðinni, nr. 15 og 21, hafa þjónað sem hagagarðar (afréttargarðar) ef fylgt er tillögu Árna Einarssonar um heiti garða. Hafa þeir haldið búpeningi á afrétt og frá heimalandi.

Garður nr. 18 hefur hins vegar líklega þjónað sem veitugarður þar sem vatni var annarsvegar veitt niður Bæjargilið, og/eða vatninu veitt á svæðið suður af garðinum þar sem heitir Víðiker. Á mynd 5 eru áður óskráðar minjar á holtinu vestan við Víðikerið merktar með X. Hugsanlega er eitthvert samand á milli þeirra og áveitunnar á Víðiker. Garður nr. 15 sést illa í kerinu, en virðist beygja að mestu upp fyrir það í boga í kring um kerðið.

Niðurstöður gjóskugreininganna á görðunum á Hamarsheiðinni gefa vísbendingar um að garðana megi tímasetja til landnámsaldar, 870–930, eða skömmu áður en haldið hefur verið fram. Var talið að upphaf garðanna mætti tímasetja til 940 og síðar (Árni Einarsson 2019:66) og byggir sú ályktun á aldursgreiningu á einu gjóskulaganna í Landnámssyrpinni. Gjóska í görðunum á Hamarsheiði var talin vera Landnámslagið/Landnámssyrpan þegar vettvangsrannsóknin fór fram, en reyndist mun eldri eða 1350–1400 ára gömul. Sjónræn greining er því varasöm í mörgum tilvikum. Garðarnir hafa verið hlaðnir fljótlega eftir að landnám var hafið og fjöldi vinnufærra manna orðin nægilega mikill til að vinna verkið. Hugsanlega hefur verkið hvílt á þrælum og vinnumönnum.

Heimildir

- Árni Einarsson. *Tíminn sefur. Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi*. Mál og menning. Reykjavík 2019.
- Bjarni F. Einarsson. „Garður er granna sættir.“ *Árnesingur VII*. Ritst. Gunnar Marel Hinriksson, Már Ingólfur Másson, Skúli Sæland og Þorsteinn Tryggvi Másson. Sögufélag Árnesinga. Reykjavík 2006. Bls. 205-230.
- Bjarni F. Einarsson. *Garðar. Fornleifar nr. 1 í Aðaldælahreppi og nr. 3 í Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu*. Skýrsla um fornleifarannsóknir sumarið 2007. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2008.
- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í Reykdælahreppi vegna breytinga á Hólasandslínu 3 vestan og austan við Laxárdal*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2019.
- Bjarni F. Einarsson. *Garðar við Sörlastaði í Fnjóskadal*. Skýrsla um snið í túngarða 2020. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.
- Björn Lárusson. *The old Icelandic land registers*. Lund 1967.
- Eysteinn Tryggvason. „Stöng og önnur eyðibýli við norðanvert Mývatn.“ *Árbók Þingeyinga 1991*. XXXIV árg. Ritst. Finnur Kristjánsson. Akureyri 1992. Bls. 25–36.
- Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Möður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992.
- Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon. „Þvergarður, forn landamerkjagarður á Seltjarnarnesi“. Rannsókn 14. september 1992. Handrit.
- Íslenskt fornbréfasafn* sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar heimildir. Bindi V. Hið ísl. bókmenntafélag. Kaupmannahöfn 1899.
- Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson. „Aldur Ögmundarhrauns og Miðaldalagsins.“ *Jökull 38*. Jöklarannsóknarfélag Íslands. Jarðfræðingafélag Íslands. Reykjavík 1988. Bls. 71–85.
- Helgi Þorláksson. „Mannvirkið í Reyðarvatnsósi.“ *Árbók Hins ísl. Fornleifafélags 1988*. Reykjavík 1989. Bls. 5–27.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn með styrk úr ríkissjóði Íslands. Ellefta bindi. Þingeyjarsýsla. Kaupmannahöfn 1943.
- Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn 1847.

- Jóhann Helgason. „Fornminjar á Seltjarnarnesi: Þvergarður á Valhúsahæð.“ *Eyjar í eldhafi*. Safn greina um náttúrufræði. Afmælisrit til heiðurs Jóni Jónssyni fil. lic. Jarðfræðingi 85 ára þann 3. október 1995. Gott mál. Reykjavík 1995. Bls. 151–158.
- Jónsbók*. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman. Reykjavík 2004.
- Kristján Eldjárn. „Skagagarður - fornmannaverk.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1977*. Landið og heimahagar. Bls. 107–119.
- Kristmundur Bjarnason. *Saga Dalvíkur 1*. Dalvíkurbær, 1978.
- Kålund, Kristian P. E. *Íslenskir sögustaðir III*. Norðlendingafjórðungur. Íslensk þýðing Haraldur Matthíasson. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. Reykjavík 1986.
- Manntal á Íslandi árið 1703*. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík 1924–1947.
- Manntal á Íslandi 1816*. Prentað að tilhlutan Ættfræðifélagsins með styrk úr ríkissjóði. VI. hefti. Reykjavík 1974.
- Nordahl, Else. *Reykjavík from the Archaeological Point of View*. Societas Archaeologica Upsalensis. Uppsala 1988.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir. „Af garðlögum í Flóa.“ *Minjaping* - helgað Mjöll Snæsdóttur á sjötugsafmæli hennar 12. febrúar 2020. Ristj. Guðrún Alda Gísladóttir, Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2020. Bls. 283–293.
- Sigurður Þórarinnsson. „Bjarnagarður.“ *Árbók Hins ísl. Fornleifafélags 1981*. Reykjavík 1982. Bls. 5–39.
- Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1844*. Þingeyjarsýslur. Gott mál. Reykjavík 1994.
- Túnakort*. Hamar. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Örnefnaskrá. Grafarholt. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.
- Örnefnaskrá. Hamar. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.
- Örnefnaskrá. Hamar. Kort. Jóhannes Sigfinnsson. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.
- Örnefnaskrá. Keldur. Skráð af Halldóri Vigfússyni. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Tæknilegar upplýsingar**Rannsóknarstaður:**

Uppgröftur á: Rúst nr. 15, 18 og 21 í Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu.
GPS mæling á fornleifum nr. 20 og 22 í sama hreppi.

Verkkaupi:

Landsnet.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifanefndar:

21. ágúst 2020.

Leyfisnúmer:

202008-0032.

Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns:

2020-45.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.
Jakob Orri Jónsson, fornleifafræðingur.
Kevin Martin, fornleifafræðingur.

Forvarsla:

Engin.

Rannsóknartími:

24. – 28. okt. 2020.

Megin niðurstaða:

Allir garðarnir voru eldri en 1477, hugsanlega frá því um 900.

Hnitakerfi/hæðarkerfi:

Eigið.

Grafinn flötur:

Um 12,7 m³.

Geymsla gagna:

Frumgögn (frumteikningar) munu verða færð Þjóðminjasafni Íslands til geymslu.

Skýrsla hjá:

Fornleifafræðitofunni, Minjastofnun Íslands o.fl

Skrár:

1 Fornleifaskrá (Reykðællahreppur nr. 15, 18, 20, 22 og 24–25)	Bls.	19.
2 Stafrænar myndir		26
3 Sýnaskrá		32
4 Teikningaskrá		34
5 Gjóskugreining: Þorvaldur Þórðarson		35

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
S-Þingeyjarsýsla	Reykðælahreppur			15
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
-				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	13.5.2018	E 584578,10 N 575560,40	Isn 93	-	>5

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Garður							Hamarsheiði	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Ágætt	-1550		Línulögn/slóðagerð	Mikil	Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Fríðlýsa?	Fríðlýst?
Talsvert	6	Talsvert	6				Nei	Nei

Lega og staðhættir

Á heiðum uppi austur af Laxárdal.

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. *Garðar á Laxárdalsheiði (Hamarsheiði), vegir tveir og garður í Reykjadal*. Skýrsla um snið í garða og mælingar á vegum 2020. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.

Lýsing

Garður.

Úr torfi, 4 - 5 m breiður og 0,3 - 0,5 m hár. Garðurinn er vel sýnilegur á stórum köflum, en ógreinilegur þar sem hin fyrirhugaða lína á að fara yfir.

Hann er vel gróinn lyngi, grasi og mosa.

Gata (nr. 17) liggur í gegnum garðinn. Hægt er að sjá mest allan garðinn á loftmynd þar sem hann liggur upp úr Laxárdalnum skammt norður af Hömrum og upp á heiðina. Þar beygir hann til suðurs og liggur samsíða dalnum. Ekki er ljóst hversu langt til suðurs hann liggur.

GPS var mælt syðst á syðri hluta garðsins.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M5

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að kanna hann með leyfi Minjastofnunar Íslands og með þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Mælt er með að snið verði grafið í garðinn.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
S-Þingeyjarsýsla	Reykdalehreppur			18
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
-				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	27.9.2018	E 584506,40 N 575723,93	Isn 93		>5

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk		Fjöldi
Garður							Hamarsheiði Lax 18		1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta			Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Línulögn	Mikil			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2			Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6	Talsvert	6			Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Í kjarri- og grasi gróni hvilt á heiði.

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. *Garðar á Laxárdalsheiði (Hamarsheiði), vegir tveir og garður í Reykjadal*. Skýrsla um snið í garða og mælingar á vegum 2020. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.

Lýsing

Garður.


Úr torfi, 2 - 3 m breiður og 0,2 - 0,3 m hár. Býsna beinn.

Við NV enda er lækur og við SA endann virðist stunginn kanntur taka við garðinum inn í gil (kannturinn var ekki mældur).

Garðurinn er vel gróinn lyngi, grasi og mosa.

Hugsanlega er þetta varnargarður til að hemja eða stjórna læknum sem þarna er.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M5

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að kanna hann með leyfi Minjastofnunar Íslands og með þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Mælt er með snið í gegnum garðinn.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
S-Þingeyjarsýsla	Reykdalehreppur			20
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
-				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.8.2020	E 585677,4495 N 578079,3330	Isn 93	-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Vegur		Hamarsheiði Skýrsla 20	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Talsverð	Ágætt	1900-		Línulögn	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	3	Lítið	3		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Liggur í blásnu landi á þeim slóðum sem hin fyrirhugaða Hólasandslína á að liggja. Hún liggur nánast í norður - suður.

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. *Garðar á Laxárdalsheiði (Hamarsheiði), vegir tveir og garður í Reykjadal*. Skýrsla um snið í garða og mælingar á vegum 2020. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.
Hólasandslína 3 í nágrenni Laxárdals í Suður-Þingeyjarsýslu. Athugasemdir við frummatsskýrslu. Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn, 18. desember 2018.

Lýsing

Vegur.

Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn benti á þennan veg. Í lýsingu þeirra segir:

„Forn ruddur vegur, 6-9 m breiður eftir endilöngum Hólasandi, stefnir N-S. Engar ritheimildir eru kunnar um þennan veg. Hann hefur verið ruddur með samstilltu átaki margra og tengist líklega brennisteinsflutningum fyrr á öldum, e.t.v. 16. eða 17. öld. Í mólendinu sunnan og vestan sandsins taka við miklar reiðgötur í framhaldi af vegi þessum, hluti kaupstaðargatnanna til Húsavíkur.“

Við vettvangskoðun reyndist gatan vera 4 - 8 m breið. Þar sem hún liggur nærri Hólasandslínu 1, nálægt staur nr. 121, mátti sjá grjót sín hvoru megin við veginn og þar var hann breiðastur (sjá neðri ljósmynd).

Leiðin er enn ekinn.

Við götuna voru fáeinar vörður og var ein þeirra skráð, nr. 25 og hugsanlega einnig varða nr. 24. Mat undirritaðs er að þetta sé ekki gamall vegur og að hann hafi verið ruddur með veghefli eða ýtu. Svo breiðir vegir finnast vart frá fyrri öldum.

Athugasemdir

Engra frekari mótvægisáðgerða er þörf.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 750D

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
S-Þingeyjarsýsla	Reykdalehreppur			21
Landareign	Mí:Nr	Heiti	Undirnr.	
-			1	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	28.8.2020	E 579106,2017 N 574286,7761	Isn 93	-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Garður		Hamarsheiði Hól 3 20	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Vegagerð	Talsverð	Lélegt	1550-1900
Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
	Línulögn	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Talsvert	6	Talsvert	6
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Liggur nær samsíða þjóðvegi 1 upp Reykjadalinn að austanverðu.

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. *Garðar á Laxárdalsheiði (Hamarsheiði), vegir tveir og garður í Reykjadal*. Skýrsla um snið í garða og mælingar á vegum 2020. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.

Hólasandslína 3 í nágrenni Laxárdals í Suður-Þingeyjarsýslu. Athugasemdir við frummatsskýrslu. Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn, 18. desember 2018.

Lýsing

Garður.

Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn benti á þennan garð. Í lýsingu þeirra segir:

„Forngarður liggur samsíða þjóðvegi 1 þar sem hann liggur úr Reykjadal upp á Mývatnsheiði“

GPS var mælt á loftmynd þar sem greina mátti garð þennan undir fyrirhugaðri Hólasandslínu 3.

Við vettvagnsskoðun kom í ljós: Garður, úr torfi, 1,5 - 4 m breiður og 0,2 - 0,4 m hár. Þar sem hann var skoðaður virtist hann vera tvöfaldur á kafla og þar var breiddin allt að fjórir metrar. Þversnið í garðinn staðfesti það.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 750D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að kanna hann með leyfi Minjastofnunar Íslands og með þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Garðurinn var rannsakaður þann 28.8.2020.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
S-Þingeyjarsýsla	Reykdalehreppur			22
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
-				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.8.2020	E 585705,3 N 578348,0	Isn 93	-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gata		Hamarsheiði Skýrsla 20	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	-	-	1900-		Línulögn	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær

Lega og staðhættir

Á Hólasandi.

Heimildir og munnmæli


Bjarni F. Einarsson. *Garðar á Laxárdalsheiði (Hamarsheiði), vegir tveir og garður í Reykjadal*. Skýrsla um snið í garða og mælingar á vegum 2020. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.
Hólasandslína 3 í nágrenni Laxárdals í Suður-Þingeyjarsýslu. Athugasemdir við frummatsskýrslu. Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn, 18. desember 2018.

Lýsing

Gata.

Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn benti á þessa götu. Í lýsingu þeirra segir: „Forn ruddur vegur, um 4 m breiður liggur þvert á framangreindan [Nr. 20] veg og stefnir sá A-V og er líklega framhald gatna frá Reykjahlíð.“ GPS var mælt á loftmynd þar sem sjá mátti slóða fara yfir hið fyrirhugaða línustæði. Við vettvangskoðun sáust mjög óljós merki um götu sem skráð var. Var hún 1 - 2 m breið. Lá hún upp gilskorning þar sem hún var skoðuð og virtist tengjast götu nr. 20 syðst.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 750D

Athugasemdir

Engar frekari mótvægisáðgerða er þörf.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
S-Þingeyjarsýsla	Reykdalehreppur			24
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
-				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.8.2020	E 585496,6 N 577840,8	Isn 93		

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk		Fjöldi
Varða							Hamarsheiði Hól 3 20		1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?		
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900		Línulögn	Lítill	Nei		
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?			Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	3	Lítið	3	Nei			Nei		

Lega og staðhættir

Suðvestan undir sandhóli á Hólasandi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Úr grjóti, 1 x 1,3 m stór og 0,8 m há.

Gæti hafa varðað hina meintu götu nr. 22.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 750D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
S-Þingeyjarsýsla	Reykðælahreppur			25
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
-				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	26.8.2020	E 585593,7 N 578060,8	Isn 93		

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk		Fjöldi
Varða							Hamarsheiði Hól 3 20		1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?		
Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900		Línulögn	Lítill	Nei		
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?			Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	3	Lítið	3	Nei			Nei		

Lega og staðhættir

Efst á sandhóli á Hólasandi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Úr grjóti, Um 2 m í þvermál og 0,5 m há. Fallin.
Gæti hafa varðað hina meintu götu nr. 22.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 750D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim.

Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Laxárdalsheiði	Reykðælahreppur		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
S-Þingeyjarsýsla	25/08/2020	SV	1
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið á heiðinni austur af Laxárdal.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf nr. 202008-0032
 Þjms nr. 2020-45



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Laxárdalsheiði	Reykðælahreppur		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
S-Þingeyjarsýsla	25/08/2020	SV	2
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Yfirlit yfir könnunarskurðinn (fornleifar nr. 15) á heiðinni austur af Laxárdal.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf nr. 202008-0032
 Þjms nr. 2020-45



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Laxárdalsheiði	Reykðælahreppur		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
S-Þingeyjarsýsla	25/08/2020	-	3
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Phantom Pro 4	Lóðmynd af rannsóknarsvæðinu fyrir rannsókn.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf nr. 202008-0032
 Þjms nr. 2020-45



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Laxárdalsheiði	Reykðælahreppur		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
S-Þingeyjarsýsla	26/08/2020	N	4
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Canon EOS 750D	Prh. 1 í garð 15. Sjá má garðinn í sniðinu.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

Leyf nr. 202008-0032
